

LISTIR

Leitað í grasrótinni

Gangurinn hefur fyrir löngu skipað sér sess sem eitt af helstu galleríum Reykjavíkur.

Í ár fagnar hann 20 ára afmæli og af því tilefni var haldin sýning, sem opnuð var í maí. Hún verður nú flutt um set, niður í Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi, og verður opnuð þar í dag, stærri í sniðum.

GANGURINN varð tvítugur í maí síðastliðnum og var af því tilefni rætt við Helga Þorgils Friðjónsson myndlistarmann um starfsemi og sögu gallerisins í Morgunblaðinu hinn 14. maí. Afmælissýningin var opnuð þá, en hefur nú verið flutt í Listasafn Reykjavíkur.

„Margir af myndlistarmönnum sem eiga verk á sýningunni eru vel þekktir í Evrópu,“ segir Helgi Þorgils, en á sýningunni á Ganginum voru verk eftir 42 erlenda listamenn. „Þetta er fólk sem ég hef kynnst í útlöndum, en ég ferðast mikið í tengslum við sýningarhald mitt. Mörgum hef ég sýnt með á samsýningum eða kynnst á annan hátt. Ég hef svo leitað til þeirra og beðið þau að sýna í Ganginum. Flestir hafa verið mög opnir fyrir því að sýna þar, jafnvel þó að um sé að ræða mjög þekkt listamenn.“

Afmælissýningin er að hluta sýning úr safni Helga Þorgils, sem er orðið nokkuð stórt, og að hluta verk sem hafa verið send inn eða gerð sérstaklega í tilefni sýningar-



Morgunblaðið/Ásdís
Helgi Þorgils Friðjónsson, forstöðumaður Gangsins, á sýningunni í Hafnarhúsinu.



Morgunblaðið/Einar Falur
Ein af myndum Karinar Kneffel á sýningunni.

innar. „Rýmið í Ganginum er ekki svo stórt. Sjálfur er hann tveir veggir, en þegar um svona víðamiklar sýningar er að ræða, leggjum við stofuna og stundum alla íbúðina undir. Núna varð ég samt að velja úr verkunum, þar sem aðeins rúmuðust um fjórtíu verk á veggjum íbúðarinnar. Niðri í Hafnarhúsi eru hinsvegar tveir stórir salir, þar sem ég kem öllu fyrir. Verkin sem eru til sýnis þar eru yfir hundrað.“

Myndlistin sem sýnd er, er af ýmsum toga. Um er að ræða allt

frá vídeóverkum upp í olíumálverk. „Í starfsemi Gangsins hef ég yfirleitt leitast við að sýna eitthvað sem er þvert á það sem er verið að sýna almennt eða þar í jaðrinum. Nú er þetta einskona yfirlitssýning á ferli Gangsins, og þá koma myndlistarmenn úr öllum áttum að sýningunni og hún gæti virst glundroðakennd. Samt finnst mér hún mjög samstæð.“

Einn af listamönnum sem kom til landsins í tilefni sýningarinnar er Karin Kneffel, sem er þekkt fyrir olíumálverk sín. Margir þeirra listamanna sem Helgi Þorgils hefur fengið til að sýna í Ganginum, hafa ekki verið þekktir á þeim tíma, en orðið það með tímanum. „Ég vil yfirleitt frekar sýna yngri og óþekktari listamenn. Gangurinn er ekki vettvangur fyrir þekkt listamenn sem hafa þegar skapað sér sess. Frekar hef ég viljað leita í grasrótinni, bæði hjá íslenskum og erlendum listamönnum. Oft hefur tekist mjög vel upp og þeir listamenn orðið nokkuð þekkt nöfn í listheiminum.“



Morgunblaðið/Ásdís
Karin Kneffel

Ávextir, dýr og kótilettur

KARIN Kneffel er einn þeirra myndlistarmanna sem eiga verk á sýningunni Gangurinn 20 ára. Hún er þekkt myndlistakona í Evrópu og á sex verk á sýningunni. Karin er stödd hér á landi og náði Morgunblaðið tali af henni þar sem hún var að hengja upp myndir sínar í Hafnarhúsinu.

„Ég kynntist Helga Þorgils þegar við sýndum saman fyrir nokkrum árum í Pýskalandi,“ segir Karin. „Ég var beðin um að vera gestakennari við Listaháskóla Íslands í vor og þá hittu ég hann aftur. Þá dvaldi ég hérna í sex vikur og tók svo þátt í sýningunni í Ganginum sem hófst í maí.“ Að sögn Karinar þykir henni Ísland spennandi land og hafði langað að koma hingað um nokkurt skeið. „Það er ekkert mál fyrir mig að sýna í litlum galleríum. Gangurinn er áhuga-verður staður og gaman að sýna þar.“

Karin malar yfirleitt olíumálverk en vinnur stundum með vatnslit. „Myndir mínar eru oftast mjög raun- sæsilegar eins og sést,“ segir Karin og brosir en málverk hennar á sýningunni gætu virst vera ljósmyndir. „Ég mála mikið ávexti, grænmeti og alls konar mat. Fyrir nokkrum ár-

um málaði ég talsvert af stórum eldum. Svo færði ég mig yfir í að mála litlar myndir af dýrum. Ég er úr stórborgen ekki úr sveitinni eins og kann að virðast. Það er ef til vill þessa vegna sem ég sæk í að mála þessa hluti, til þess að kynna þeim betur. Með því að mála kemst ég nærri viðfangsefni og kynnst því vel.“

Í upphafi ferils síns málaði Karin á nokkuð annan hátt en hún gerir nú. Myndirnar voru ekki eins nákvæmar og þær eru nú. „Ég byrjaði að mála í byrjun níunda áratugarins. Á þeim tíma var svokölluð villt málun, wild-enmalerie, algeng í Pýskalandi. Með tímanum fór ég að þróa nákvæmari list sem að sama skapi tekur lengri tíma. Það er ferlegt að hvert málverk tekur mig lengri tíma frá ári til árs,“ segir Karin og hlær. „Yfirleitt er þróunin hjá listmálurum öfug, að þeir verða meira og meira abstrakt í listsköpun sinni. Ætli þetta endi ekki með ósköpum og það taki mig heilt ár að mála eitt málverk. En ég sé þessa þróun vera að gerast í kringum mig og nemendur mínir hafa haft þessa sömu áratú og vilja til að mála mjög nákvæmt.“

Fréttir af samræðum almennings

Samstarfsverkefnið café9.net verður formlega opnað í dag í Listasafni Reykjavíkur og hefst þar með átta vikna dagskrá sem ýmsir listamenn menningarborga Evrópu koma á einn eða annan hátt að. Þóroddur Bjarnason myndlistarmaður sagði Ingu Maríu Leifsdóttur frá sínum þætti í verkefninu.

CAFE9.NET er netkaffihús átta menningarborga Evrópu árið 2000 og mun starfa sameiginlega gegnum Netið. Borgin sem taka þátt í verkefninu eru Reykjavík, Bergen, Helsinki, Avignon, Bologna, Prag, Kraká og Brussel. Staðsetning kaffihússins í Reykjavík er í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu og er hægt að taka þátt í ýmsum uppkomum þar en einnig er hægt að fylgjast með því sem er að gerast hverju sinni á Netinu. Slóðin er að sjálfsögðu café9.net. Kaffihúsið virkar þannig, að komið

er upp kaffihúsi í hverri borg sem býið er tækni til samskipta gegnum Netið við hina staðina. Á staðnum eru einnig tölvur til nota fyrir hinn almenna vegafaranda sem getur tekið þátt í verkefninu á staðnum. Auk þess er skipulögð dagskrá með ýmsum uppkomum myndlistarmanna, tónlistarmanna, skálda og leikara. Verður slík dagskrá send út á stóru breiðtjaldi á hverju kaffihúsi fyrir sig.

discussion.is

Þóroddur Bjarnason myndlistarmaður er einn þeirra íslensku listamanna sem koma að café9.net. „Upphaflega vann ég verkefnið fyrir norrænu menningarnetin en þau auglýstu eftir hugmyndum frá myndlistarmönnum að netverkefnum síðasta vetur,“ segir Þóroddur. „Stjórnendur café9.net fengu áhuga á verkefninu í kjölfarið og sáu að það hentaði vel inn í hugmyndafræði þess. Við sáum strax að það yrði beggja hagar ef verkefnið yrði með.“

Verkefni Þórodds er vefsíða sem nefnist discussion.is. Henni er ætlað að vera eins konar fréttablað almennings þar sem fólk getur sagt frá umræðum sínum við annað fólk og lesið frásagnir annarra. Þóroddur lýsir hugmyndinni nánar. „Þetta snýst um það að fá innsýn í hvað fólk er að ræða um, hugga og fást við út um allan heim. Þú ferð inn á síðuna, gefur nokkrar grunnupplýsingar, til dæmis um staðsetingu umræðunnar og


hverjir taka þátt í henni og hefst svo handa við skýrsluskrif. Ég ætla ekki að stýra því hvernig fólk skrifar skýrslur sínar en kys að fólk skrifi á hlutlægum nóum í nokkurs konar fréttablaðstíl. Svo er hægt að lesa allar skýrslur sem sendar eru inn í gagnagrunninn, bæði með því að leita eftir efnisatriðum eða velja einstök svæði í heiminum. Þá má fá allar umræður frá þeim svæðum og lesa þær.“

Á netsíðunni eru örvandi efni, svokallaðir vakar, sem ætlaðir eru til þess að kveikja umræður. „Fólk getur fengið hugmynd að samræðum með þessum vökum. Þeir koma úr öllum áttum og það er bara eitthvað sem mér eða aðstoðarmanni mínum dettur í hug. Kannski nokkur orð um trúmál, fagurfræði, lífið almennt, íspróttir eða þá að ég birti fallegar og ljótar myndir og svo framvegis.“

Fréttasíða almennings

Hugmyndin að vefsíðunni á rætur í myndlistarsýningu sem Þóroddur hélt í Nýlistasafninu fyrir tveimur árum, Þing fljóttandi umræðu. „Þar fjallaði ég um það hvernig umræðan flýtur um þjóðfélagið frá einum hópi manna til annars. Sú sýning hafði ekkert með Netið að gera en hugmyndin hentar því fullkomlega.“

Netsíðan er ekki gagnvirk heldur er henni meira ætlað að vera eins konar fréttavefur. „Margir halda eflaust að um sé að ræða spjallsíðu en



Morgunblaðið/Arnaldur
Þóroddur Bjarnason myndlistarmaður á heidurinn af netsíðunni discussion.is.

svo er alls ekki. Í raun er þetta það sem kemur á eftir því. Fólk getur skrifað frásagnir af því sem það hefur rætt á spjallsíðum.“ Þóroddur telur að netsíður sem þessar eigi miklum vinsældum að fagna hjá almenningsi. „Síður fréttablaðanna, mbl.is og visir.is, eru mjög vinsælar og nokkuð sem maður er alltaf að skoða. Ég lít á þessa síðu sem slíka, fólk fer inn á hana og athugar hvað er nýtt að fréttu frá almenningsi.“

Í tengslum við café9.net verður Þóroddur með gjörning nokkrum sinnum á tímabilinu sem kaffihúsið er opið. Í honum felst að fólk komi á kaffihúsið, sé merkt eftir áhugasviði eða sérgrein og að það ræði svo saman. Svo er hægt að segja frá samræðunum á discussion.is. „Þar sem fólk er merkt á þennan hátt er auðveldara að sjá hver sérþekking fólks er. Allir

hafa sérþekkingu á einhverjum sviðum og öll sérþekking er áhugaverð. Bílar, barnauppleði, sýklavarnir, knattspyrna eða líf í alheimi gætu verið dæmi um málefni sem verða rædd. Þessi gjörningur verður í gangi nokkrum sinnum á tímabilinu en verður fyrst á sunnudaginn kl. 16, samtímis í Reykjavík og í öðrum menningarborgum. Ég hvet sem flesta til að koma enda byggir þetta algjörlega á að fólk mæti á staðinn. Þetta verður svona eins og skemmtilegt ættarmót eða fermingarveisla.“

Fyrst um sinn verður netsíðan einungis bundin við menningarborgirnar en síðar mun hún ná til alls heimsins. „Svo lengi sem fólk tekur þátt í þessu verður þetta að mínum dómi mjög spennandi síða. En það byggir að sjálfsögðu allt á þátttöku almennings.“